



TRYGGINGASTOFNUN
RÍKISINS

Alþingi

Erindi nr. **P** 127/618

komudagur 17.1.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. janúar 2002

SSi/KSG/003/02

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á áhrifum háspennu-
lína, spennustöðva og fjarskiptamastra á mannlíkamann, þskj. 46.**

Undirritaður fól Sigurjóni Stefánssyni tryggingalækni, sem er sérfræðingur í klínískri taugalífeðlisfræði og geðlækningum og jafnframt doktor í rafmagnsverkfræði, að gera umsögn stofnunarinnar um ofangreint þingskjal. Umsögnin fer hér á eftir:

„Ekki er hægt að segja að læknar Tryggingastofnunar ríkisins verði mikið varir við skaðleg áhrif ofangreindra rafmagnsmannvirkja á heilsu manna. Skýringin gæti verið sú að mjög fáir einstaklingar eru útsettir fyrir rafáhrifum frá þessum mannvirkjum og því erfitt að greina tengsl milli þeirra og örorku. Samkvæmt upplýsingum frá Rafmagnsveitum ríkisins er þessi hópur ekki stærri en nokkur hundruð manns.

Vafasamt er hvort rannsókn á svo fámennum hópi gæti gefið áreiðalegar upplýsingar um skaðsemi þessara mannvirkja á heilsu manna því ef þau eru á annað borð til staðar þá eru þau mjög væg.

Önnur umhverfisáhrif, félagsleg staða og arfgerð eru trúlega mun mikilvægari þættir hvað heilsufar varðar og örugglega hvað örorku varðar. Til að greina mikilvægi eins þáttar í fyrirbæri sem ákvarðast af mörgum þáttum þurfa áhrif þessa einstaka þáttar að vera sterk ef hópurinn er lítill, annars þarf stóran hóp. Það síðarnefnda virðist nauðsynlegt í umræddri rannsókn.

Virðingarfyllst,

Karl Steinar Guðnason
forstjóri